

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Húnaþings vestra 2002-2014, vegna Hvammstanga.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 9. mars 2012 breytingu á aðalskipulagi Húnaþings vestra 2002-2014, sem samþykkt var í sveitarstjórn Húnaþings vestra þann 12. janúar 2012. Niðurstaða sveitarstjórnar var birt 1. febrúar 2012.

Breytingin varðar Hvammstanga. Í henni felst að iðnaðarsvæðið I-1 er minnkað úr 3,3 ha í 2 ha. Landnotkun á 1,3 ha, sem I-1 minnkar um, verður breytt úr iðnaðarsvæði í opið svæði til sérstakra nota (Ú-10). Þar verður leiksvæði og garður. Markað er nýtt svæði fyrir íbúðarhús (Íb-9) og frístundahús (F-1). Íbúðarhúsahlutinn verður 1,3 ha en frístundahúsahlutinn 0,8 ha. Gönguleið um svæðið verður breytt. Köflum 3.21 Iðnaðarsvæði, 3.23 Opin svæði til sérstakra nota, 3.17 Íbúðarsvæði og 3.29 Frístundabyggð verður breytt til samræmis við þetta.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsstofnun, 9. mars 2012.*

**Stefán Thors.**

\_\_\_\_\_  
*Erna Hrönn Geirsdóttir.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 23. mars 2012